

Hafi vara verið flutt undir innsigli tollgæslunnar milli geymslustaða má taka tillit til vöntunar, enda hafi varan verið sett undir innsigli innan nefndra tímamarka. Vöntun skal staðreynd í viðurvist tollgæslumanns, þegar innsigli er rofið.

2. Sé vöntun ekki sýnileg má taka hana til greina, án tillits til skilafrests skv. 1. tl. Skal sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að mati tolyfirvalds að varan hafi horfið erlendis, t. d. með skriflegri staðfestingu sendanda ásamt viðurkenningu banka um lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði

8. gr.

Tollstjórar, hver í sínum umdæmi, annast tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu sem endursend er til útlanda eða eyðilögð, skal greiða tollskoðunargjald.

9. gr.

Tollmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars til landsins en innan þriggja ára hafi vara verið sett í tollvöruhegmslu. Tollstjóri getur heimilað lengri frest ef um er að ræða varahluti í atvinnutæki sem geymdir eru í tollvöruhegmslu.

Þrátt fyrir að frestur sé liðinn skal fallist á beiðnir um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari, enda séu þegar hafnar uppboðsaðgerðir því eigi til fyrirstöðu og viðkomandi greiði allan áfallinn kostnað þ. m. t. uppboðskostnað.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 132 5. september 1967, auglýsing nr. 270 11. september 1968 og reglugerð nr. 20 10. janúar 1984.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

3. ágúst 1984

Nr. 361

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari helming ársins 1984, með gjalddaga 1. september nk., hafa verið ákveðin sem hér segir:

	Kr.
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	2 005
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	1 590
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	500

Menntamálaráðuneytið, 3. ágúst 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.